



Stóra Laxá í Hreppum



Stóra-Laxá fellur úr Grænavatni niður á milli Hrunamanna- og Gnúpverjahrepps, og fellur í Hvítá hjá Iðu, ásamt Litlu-Laxá. Hún er dragá, 90 km. löng all vatnsmikil með 512 ferkm. vatnasvið. Laxgeng er hún langt inn í Laxárgljúfur.

Svæði 4 nær frá Bláhyl upp að ármótum Skillandsár, að báðum veiðistöðum meðtöldum.

ATH. Aðeins skal veitt á flugu og öllum laxi sleppt.

Leyfilegt agn: Fluga.

Veiðitími: 27. júní – 30. september.

Stangafjöldi: 4 stangir.

Daglegur veiðitími:

27. júní – 20. ágúst: Kl. 7:00 til 22:00

21. ágúst – 30. september: Kl. 8:00-21:00